

51. fundur

Fræðslunefnd hélt fund fimmtudaginn 2. október 2003 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn, skólastjórar og fulltrúar foreldra og starfsfólks.

1. Skýrslur skólastjóra.

a) Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

Leikskólapingið föstudaginn 26. september gekk mjög vel og voru það starfsfólk leikskólanna á Snæfellsnesi og í Búðardal sem sóttu það, samtals um 70 manns. Þetta er í fyrsta sinn sem svona þing er haldið en vonast er til áframhaldandi þinghalda.

Gott samstarf hefur verið á milli leikskólanna á Nesinu, starfsmannaskipti o.fl.

Í kvöld er aðalfundur foreldrafélags leikskólans. Þar ætla deildarstjórar deildanna þriggja að halda fyrirlestra og kynna starfið á deildunum.

Elstu nemendurnir fóru í heimsókn í grunnskólann og tók skólastjóri grunnskólans á móti þeim og einnig hittu þau núverandi nemendur 1. bekkjar og var ánægja með þá heimsókn. Þetta samstarf á milli skólanna hér er mjög gott og þykir einstakt.

Að lokinni skýrslu sinni svaraði skólastjóri fyrirspurnum. Fyrirspurn kom fram um deildarstjóra. Sigrún svaraði því til að Ásta Valdís, Elín Guðrún og Elísabet Lára væru deildarstjórar, en þær eru allar leikskólakennarar. Menntunarstig starfsfólks í leikskólanum hér er með því hæsta á Nesinu.

b) Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

Gunnar tók undir orð Sigrúnar um samstarf skólanna og lýsti ánægju með það. Nefndi einnig að þetta góða samstarf skólanna hér þurfi að gera sýnilegt og leyfa fleirum að heyra af góðri vinnu sem er unnin hér.

Þá nefndi hann heimasíðu skólans www.stykk.is og hvatti fólk til að skoða hana ef það hefur ekki þegar gert það, en þar er reynt að setja inn fréttir vikulega, jafnvel daglega.

Skólamyndataka gekk vel, en myndataka hefur verið fastur liður hér annað hvert ár.

Olweus verkefnið er í fullum gangi og er hluti starfsfólks skólans á námskeiði í Grundarfirði í dag. Því starfi miðar vel en endaspretturinn er eftir og lýkur verkefninu formlega í vor, en vinnan heldur áfram eftir það.

Umsjónarkennari fyrsta bekkjar og skólastjóri héldu fund með foreldrum nemenda, þar sem farið var yfir skólaskipulag o.fl. Áframhald verður á svona fundum næstu skólaár. Jafnvel verður farið út í það að halda stutt námskeið fyrir foreldra sem eru með fyrsta barn í skóla. Á þennan fund kom einnig fagstjóri í stærðfræði og kynnti verklag í stærðfræðikennslu.

Norræna skólahlaupið var í gær og hlupu nemendur grunnskólans samtals 1.400 kílómetra.

Tónlist fyrir alla verður hér í næstu viku, 8. október.

Samræmd próf eru framundan hjá nemendum 4. og 7. bekkjar, 16. október verður próf í stærðfræði og 17. október próf í íslensku.

Dansskóli Jóns Péturs og Köru verður með danskennslu á næstunni og hefur það verið í samstarfið við grunnskólann.

Grunnskólinn hefur þegar hafið undirbúning að þáttöku þeirra í íbúðinginu sem verður haldið 1. nóvember nk. og verður ein vika tekin undir þemadaga vegna vinnu við verkefnið. Fulltrúar skólans á íbúðinginu verða nemendur 4. og 9. bekkjar, en aðrir nemendur taka fullan þátt í vinnunni.

Foreldrafélagið hefur starfsemi sína á fyrsta fundi 7. október nk.

Skólastjóri greindi frá upptöku sem varð í barnaskólanum um síðustu helgi en þá höfðu óboðnir gestir sprautað úr slökkvitækjum um neðri hæð húsnæðisins. Lögreglan var strax sett í málið og er það í rannsókn. Skólastjóri leggur áherslu á að viðkomandi einstaklingar finnist.

Að lokinni skýrslu sinni svaraði skólastjóri framkomnum fyrirspurnum. Spurt var m.a. um Tónlist fyrir alla. Verkefnið er bundið við grunnskólaaldur. Einnig kom fram ánægja með stærðfræðikynningu fyrir foreldra. Rætt var um skemmdirnar í skólanum og Hólmgarði.

2. Önnur mál.

- a) Formaður greindi frá því að Margrét Thorlacius hafi sent kveðjur en hún er flutt úr bænum og tekur Katrín Gísladóttir, varafulltrúi hennar sæti.
- b) Formaður greindi frá þökkum frá Unni Breiðfjörð fyrir góð viðbrögð grunnskóla og leikskóla vegna veikinda í fjölskyldunni.
- c) Formaður greindi frá því að fundargerð síðasta fundar varðandi ráðningu aðstoðarleikskólastjóra hafi farið til afgreiðslu bæjarráðs.
- d) Rætt var um foreldrarölt í bænum.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.15.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari (sign.).

Björn Sverrisson (sign.),

Egill V. Benediktsson (sign.),

Gunnar Svanlaugsson (sign.),

Hildigunnur Jóhannesdóttir (sign.),

Unnur Breiðfjörð (sign.),

Katrín Pálsdóttir (sign.),

Sigrún Þórsteinsdóttir (sign.),

Ásta Valdís Guðmundsdóttir (sign.),

Katrín Gísladóttir (sign.),

Ingveldur Eypórsdóttir (sign.).